

Hjálpin mín – rafskutla

Eftir Bergþóru Bergsdóttur

Til er lítil, meðfærileg og einstaklega lipur rafskutla sem mig langar til að vekja athygli á. Hana er hægt að nota úti sem inni, taka í sundur í 4-5 hluta og setja í bílskott til að fara með á milli staða. Ummál skutlunnar er L: 100 cm B: 45-60 cm og þyngd 44 kg. Þyngsti hluturinn er 15 kg. Hafa verður í huga að hún er ekki jafn kraftmikil og langdræg og stærri rafskutlur. Hægt er að kaupa körfu til að setja aftan á skutluna fyrir farangur eða innkaup.

Ég hef notað rafskutluna til að fara um í búðum, í bæjarferðir og til að fá mér frískt loft með því að þeysast eftir göngustígum. Hana er einnig hægt að nota inni á heimilum þar sem hjólastólar komast um.

Ég hef líka tekið rafskutluna með mér til útlanda og það var nú meiri lúxusinn. Á flugvelli í Keflavík var ég ekki háð utanaðkomandi aðstoð, eins góð og hún nú er, og gat því skoðað mig um og haft mína hentisemi eins og allir aðrir. Ég gat keyrt á skutlunni alveg að inngangi flugvélar þaðan sem hún var tekin eins og um hjólastól væri að ræða. Á sama hátt fékk ég hana aftur við landingu. Við vorum nokkrar vinkonur saman í ferðinni og það skipti sjálfstæði mitt miklu máli að þurfa ekki að biðja þær að ýta mér á milli staða, fyrir utan þann lúxus að gamlir kantaðir götusteinar voru allt í einu ekki vandamál yfirferðar. Ferðin var því í alla staði mjög þægileg og ánægjuleg.

Við bókun flugmiða þarf að taka fram að rafskutla sé með í för og gefa



Ásta Kristín Hjaltalín á rafskutlunni góðu.



Rafskutlan sundurtekin

upp mál og þyngd á sama hátt og um hjólastól væri að ræða en að auki þarf að taka það fram að rafgeymirinn sé þurrgeymir. Mögulega þarf að láta rafskutluna fara með farangri við innritun, til dæmis ef flugvél er ekki

staðsett við rana heldur úti á velli, og þá þarf eðlilega að fá hjólastól lánaðan á flugvelli og þjónustu eftir þörfum.

Víða erlendis er hægt að leigja rafskutlu til lengri eða skemmri tíma.

Rafskutlan sem ég er á heitir Go-Go Elite 4, fæst hjá Eirberg og kostar 249.000

kr. Í einhverjum tilfellum er hægt að fá skutluna hjá Sjúkratryggingum Íslands með umsókn frá iðjuþjálfra, sjúkraþjálfra eða lækni. Rafskutlurnar eru fjögurra hjóla þó mín sé þriggja hjóla. ■